

Læsisstefna Auðarskóla Dalabyggðar 2020 - 2022




Dalabyggð
Auðarskóli

Inngangur

Læsi

Læsi er einn af sex grunnþáttum í íslenskri menntun og er því gert ítarleg skil í aðalnámskrám leik- og grunnskólanna. Í víðu samhengi snýst hugtakið læsi um sköpun merkingar og getur falið í sér hæfni til að lesa í umhverfi sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Þarna inn í fléttast náttúru-, upplýsinga- og myndalæsi að ógleymdum yndislestri og að ná hæfninni til að lesa sér til gagns. Læsi snýst einfaldlega um samband orðanna við lífið sjálft, það sem við köllum raunveruleikann og flest það sem við tökum okkur fyrir hendur. Lestur og ritun eru tæki sem nota þarf til að geta nýtt sér læsi og ná tökum á því. Þau nýtast til að ná því meginmarkmiði læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn.



Læsisstefna Auðarskóla

Auðarskóli í Dalabyggð leggur áherslu á að bjóða nemendum á leik- og grunnskólastigi upp á kennslu við hæfi til að þeir nái sem bestum tökum á íslensku máli og lestrartengdum þáttum. Málörvun og lestrarkennslu er markvisst sinnt með áherslu á að mæta hverjum og einum á forsendum hans og þörfum miðað við aldur, þroska og getu. Lögð er áhersla á orðaforða, orðanotkun, málfærni, hlustun, lesskilning, lesfimi, lestrarlag og lestraránægju alla skólagöngu barnsins.

Í skólanum er lögð áhersla á lestur og ríkulegt lestrarumhverfi, að hvatning sé til staðar til lesturs, að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar fyrir nemendurnar og þeir hvattir til að kynna sé þær og ræða, þvert á allt nám sem á sér stað í skólanum.

Í þessum bæklingi verður gerð grein fyrir hvernig skólinn fylgist með framvindu lestrarnáms nemenda sinna og hvernig gripið er inn í ferlið sé ástæða talin til þess.

Samvinna heimila og skóla

Á fyrstu æviárunum er grunnurinn lagður að góðri færni í læsi. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að huga að því að veita börnum tækifæri til tjáningar, beita virkri hlustun og lesa fyrir börn sín frá upphafi máltöku og upp alla skólagönguna. Því betri málþroska sem barn hefur er það betur í stakk búið til að takast á við læsi og lestrarnám. Góð lestrarfærni eykur lífsgæði barna til framtíðar. Gott samstarf á milli skóla og heimila er því afar mikilvægt í tengslum við málörvun og lestrarnám barnsins.

Það er talið víst að lestur af hvaða tagi sem er auki orðaforða. Rannsóknir hafa sýnt að orðaforði einstaklings hefur forspárgildi fyrir góðan lesskilning sem er undirstöðuþáttur fyrir velgengi í skóla. Mjög mikilvægt er að lesið sé reglulega fyrir börn og að börnin lesi reglulega heima þegar þau hafa getu til. Þannig styðja foreldrar/forráðamenn best við lestrarnám barna sinna.



Íslenska sem annað tungumál

Í Auðarskóla eru nemendur með annað móðurmál en íslensku eða eiga foreldra/forráðamenn með annað móðurmál. Áhersla er lögð á að tvítyngdir nemendur fái góða almenna kennslu sem tekur mið af bakgrunni þeirra og tungumálafærni. Stefnt er að virku tvítyngi nemenda og að þeir geti stundað nám og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi.

Auðarskóli hefur sett sér reglur um móttöku nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir. Leitast er við að veita tvítyngdum nemendum og foreldrum þeirra ráðgjöf og upplýsingar um námið og skólastarfið. Þetta getur falið í sér að túlkur er boðaður á fundi óski foreldrar/forráðamenn eða skólinn eftir því.

Leikskóli

Lestur er undirstaða alls náms og grunnur að lestrarnámi barna er lagður í leikskólanum. Unnið er með markvissum leiðum að efla alla málþroskaþætti í gegnum daglegt starf og í leik. Leikurinn er höfuðmarkmið leikskóla og eru félagsleg samskipti lykillinn að læsi og síðar lestri. Í gegnum leikinn er áhersla lögð á að efla almennan málþroska.



Í daglegum athöfnum og í sérstökum lestrar-, málörvunar- og söngstundum er unnið með orðaforða og hljóðkerfisvitund. Fjölbreyttur málörvunarefniviður er í umhverfi barnanna og eru bækur aðgengilegar öllum. Stuðlað er að áhuga á bókstöfum, bókstafahljóðum, orðalestri, ritun og tjáskiptum með hljóðasmiðju Lubba, TRAS-efni og öðru fjölbreytilegu náms- og kennslufni.

Matstæki	TRAS	Efi-2	Hljóm-2	Íslenski málhljóðmælirinn
Aldur	2-5 ára	4. ár	5. til 6. ár	Frá 3 ára
Áherslupættir	Mál- og félagsþroski	Máltjáning-málskilningur	Hljóðkerfisvitund	Framburður
Framkvæmd	Kennarar með tilskilin réttindi	Kennarar með tilskilin réttindi	Kennarar með tilskilin réttindi	Kennarar með tilskilin réttindi
Viðbrögð ef nemandi vísar frá aldursviðmiði	Íhlutun heimilis og skóla í samráði við foreldra.	Íhlutun heimilis og skóla í samráði við foreldra. Ef barn vísar mikið frá viðmiðum er vísað í málþroskamát á vegum talmeinafræðings.	Íhlutun heimilis og skóla í samráði við foreldra. Ef barn vísar mikið frá viðmiðum er vísað í málþroskamát á vegum talmeinafræðings.	Íhlutun heimilis og skóla í samráði við foreldra. Ef barn vísar mikið frá viðmiðum er vísað í málþroska- og framburðarmát talmeinafræðings.

1. bekkur

Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið 20 orð/mín.

Annað viðmið 55 orð/mín.

Þriðja viðmið 75 orð/mín.

Fjölbreyttar leiðir eru notaðar við kennslu í lestri á yngsta stigi og aðallega er byggt á hljóðaaðferð. Þá er áhersla lögð á að læra tengingu stafs og hljóðs. Einnig er unnið með lesskilning og lesfimi sem stuðlar svo að góðri lestrarfærni. Markvisst er unnið að eflingu orðaforða en hann er mikilvægur þáttur í góðum lesskilningi, hlustun og ritun. Til að auka áhuga og lestrargleði sköpum við aðstæður til yndislesturs í skólastofunni. Til að fylgjast með stöðu barna og geta veitt viðeigandi stuðning eru nýtt ýmis skimunartæki. Taki nemendur ekki viðunandi framförum í lestrarnáminu er leitað leiða til að mæta þörfum þeirra. Heimalestur er órjúfanlegur þáttur í lestrarnámi barna og er mælt til að börn lesi heima og að fyrir þau sé lesið.

Matstæki	Tove Krogh	Stafakönnun	Lesskimun - MMS fyrir 1. bekk	Lesferill - MMS	Læsi - Lestrarskimun fyrir 1. bekk, 1. hefti.	Læsi - Lestrarskimun fyrir 1. bekk, 2. hefti.	Læsi - Lestrarskimun fyrir 1. bekk, 3. hefti.
Tími	Október	September, janúar og apríl	Október	Janúar og maí	Nóvember	Febrúar	Mars
Áherslupættir	Mál- og hugtaka- skilningur.	Stafaþekking, stafir og hljóð, málþroski.	Hljóðkerfisvitund, stafir og hljóð. Málþroski.	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni. Sjónrænn orðaforði: - ritháttarlestur - þekking algengra orða. Orðleysulestur: - tenging hljóða og stafa	Viðhorf til lestrar, greinarmunur á bókstöfum, tölustöfum og táknun. Þekking á hugtökum tengdum lestri.	Umskráning, bókstafaþekking og hljóðavitund.	Lesskilningur.
Framkvæmd	Skólaþjónusta	Umsjónarkennari	Umsjónar- og sérkennari	Umsjónarkennari	Umsjónar- og sérkennari	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð ef nemandi vikir frá aldurs- viðmiði	Sérkennari metur niðurstöður með umsjónarkennara og veitir ráðgjöf.	Nemendur fá verkefni við hæfi til að vinna heima og í skóla.	Nemendur í áhættuhópi fá sérstakan stuðning og verkefni við hæfi. Unnið með stafaþekkingu og ritun.	Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla.	Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun sem stuðlar að auknum lestraráhuga. Áhersla lögð á daglegan lestur heima og í skóla.	Einstaklingsnám- skeið í samstarfi foreldra og sérkennara.	Nemendur fá verkefni við hæfi til að vinna heima og í skóla.

2. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið 40 orð/mín.

Annað viðmið 85 orð/mín.

Þriðja viðmið 100 orð/mín.

Matstæki	Lesferill	Læsi - Lestrarskimun	Læsi - Lestrarskimun	Stafsetning -
	MMS	1. hefti.	2. hefti.	Aston Index
Tími	September, janúar og maí	Nóvember	Apríl	Nóvember og maí
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni. Sjónrænn orðaforði: - ritháttarlestur - þekking algengra orða. Orðleysulestur: - tenging hljóða og stafa	Viðhorf til lestrar. Umskráning, lestur algengra og samsettra orða.	Lesskilningur.	Rétttritun.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Umsjónar- og sérkennari	Umsjónarkennari	Umsjónar- og sérkennari
Viðbrögð ef nemandi vísar frá aldursviðmiði	Foreldrar fá ráðgjöf. Einstaklingsnámskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Nemendur fá verkefni við hæfi til að vinna heima og í skóla. Áhersla á daglegan lestur sem stuðlar að auknum áhuga.	Nemendur fá verkefni við hæfi til að vinna heima og í skóla.	Nemendur fá verkefni við hæfi til að vinna heima og í skóla.

3. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **55 orð/mín.**

Annað viðmið **100 orð/mín.**

Þriðja viðmið **120 orð/mín.**

Matstæki	Lesferill MMS	Logos - skimun	Stafsetning - Logos	Orðarún
Tími	September, janúar og maí	Febrúar	Október og apríl	Nóvember og mars
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni Sjónrænn orðaforði: - ritháttarlestur - þekking algengra orða Orðleysulestur: - tenging hljóða og stafa	Grunnpættir lestrar - lestraröryggi.	Réttritun.	Lesskilningur.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Sérkennari	Umsjónar- og sérkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð ef nemandi víkur frá aldursviðmiði	Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Nemendur sem ekki ná fyrsta viðmiði í janúar fara í Logossskimun ef þörf þykir að mati sérkennara. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem falla neðar en 15 í hundraðsröðun á skimunarþáttum Logos er boðið einstaklingsnámskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Í framhaldi er tekin ákvörðun um hvort nemenda er vísað í nánari greiningu hjá sérkennara. Foreldrar og kennari fá ráðgjöf skólaþjónustu um áherslupætti í lestrarþjálfun og kennslu.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fái nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningsþjálfun. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17-20 stig fá krefjandi verkefni.

4. bekkur

Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **80 orð/mín.**

Annað viðmið **120 orð/mín.**

Þriðja viðmið **145 orð/mín.**

Matstæki	Lesferill MMS	Samræmd könnunarpróf - MMS	Stafsetning - Logos	Orðarún
Tími	September, janúar og maí	September	Október og mars	Október og febrúar
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni Sjónrænn orðaforði: - ritháttarlestur - þekking algengra orða Orðleysulestur: - tenging hljóða og stafa	Lesskilningur og málnotkun.	Réttritun.	Lesskilningur.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Menntamálastofnun / Auðarskóli	Umsjónar- og sérkennari	Umsjónarkennari
Viðbrögð ef nemandi víkur frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Umsjónarkennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fáir nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningsþjálfun. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17-20 stig, fá krefjandi verkefni.

5. bekkur

Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **90 orð/mín.**

Annað viðmið **140 orð/mín.**

Þriðja viðmið **160 orð/mín.**

Lestrarmarkmið miðstigs er að efla lesfimi og úthald við lestur. Stuðlað er að því að nemendur verði sjálfstæðir í lestrarvinnu og að þeir njóti lestrar og hann verði hluti af þeirra daglega lífi. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi daglega bæði í skóla og heima. Áhersla er lögð á lesefni við hæfi og að lesanda þyki það áhugavert, eins að umhverfi sé aðlaðandi og lestrarvænt. Lögð er áhersla á upplestur allt miðstigið í skóla og heima. Framsögn, tjáning og ritun er stór þáttur í náminu og tengist bæði hinu daglega lífi og námsverkefnum. 7. bekkur tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni og 5.og 6. bekkur taka þátt í undirbúningi að hluta. Unnið er markvisst með lesskilningi og eflingu orðaforða. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að styðja við börn sín í náminu m.a. með því að fylgjast með áætlu- num, skoða námsbækur og fylgja eftir heimalestri. Nemendur með lesblindu eða aðra lestrarörðugleika fá viðeigan- di stuðning í námi. Nemendur eru hvattir til að nýta hljóðbækur bæði af vef Menntamálastofnunar og hljóðbókas- afni hafi þeir aðgang.

Matstæki	Lesferill MMS	Orðarún	Stafsetning - Logos	Logos
Tími	September, janúar og maí	Október og febrúar	Nóvember og mars	Apríl
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni.	Lesskilningur.	Réttritun.	Endurmat þeirra sem eru með lesblindugreiningu.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari / íslenskukennari	Umsjónar- og sérkennari	Sérkennari
Viðbrögð ef nemandi vísar frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í sam- starfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fái nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningi. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17-20 stig, fá krefjandi verkefni.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Sérkennari veitir foreldrum og umsjónarkennara ráðgjöf um áherslupætti í þjálfun og kennslu. Lestraráætlun gerð í samvinnu heimilis og skóla sem tekur mið af niðurstöðu endurmats.

6. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **105 orð/mín.**

Annað viðmið **155 orð/mín.**

Þriðja viðmið **175 orð/mín.**

Matstæki	Lesferill MMS	Orðarún	Stafsetning - Logos	Logos - skimun
Tími	September, janúar og maí	Október og febrúar	Nóvember og mars	Apríl
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni.	Lesskilningur.	Réttritun.	Lesfimi, lesskilningur og hljóðkerfisvitund. Fyrir þá nemendur sem náðu ekki lágmarksviðmiði í Lesferli í janúar og ekki hafa þegar fengið lesblindugreiningu.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari / íslenskukennari	Umsjónar- og sérkennari	Sérkennari
Viðbrögð ef nemandi vikir frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fái nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningi. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17-20 stig, fá krefjandi verkefni.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Sérkennari veitir foreldrum og umsjónarkennara ráðgjöf um áherslupætti í þjálfun og kennslu.

7. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið 120 orð/mín.

Annað viðmið 165 orð/mín.

Þriðja viðmið 190 orð/mín.

Matstæki	Lesferill MMS	Orðarún	Stafsetning - Logos	Samræmd könnunarpróf- MMS	Logos - skimun
Tími	September, janúar og maí	Október og febrúar	Nóvember og mars	September	Apríl
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni.	Lesskilningur.	Réttritun.	Lesskilningur og málnotkun.	Lesfimi, lesskilningur og hljóðkerfisvitund. Fyrir þá nemendur sem náðu ekki lágmarksviðmiði í Lesferli í janúar og ekki hafa þegar fengið lesblindugreiningu.
Framkvæmd	Umsjónarkennari	Umsjónarkennari / íslenskukennari	Umsjónar- og sérkennari	Menntamálastofnun / Auðarskóli	Sérkennari
Viðbrögð ef nemandi víkur frá aldurs- viðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fái nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningi. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17-20 stig, fá krefjandi verkefni.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Kennarar funda um niðurstöður prófa og gera viðbragðsáætlun fyrir nemendur sem þess þurfa.	Sérkennari veitir foreldrum og umsjónarkennara ráðgjöf um áherslupætti í þjálfun og kennslu. Lestraráætlun gerð í samvinnu heimilis og skóla.

8. bekkur

Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **130 orð/mín.**

Annað viðmið **180 orð/mín.**

Þriðja viðmið **210 orð/mín.**

Lestrarmarkmið á elsta stigi er að efla enn frekar lesfimi, sjálfstæðan lestur og að nemendur líti á lestur sem hluta af daglegu lífi. Kröfurnar aukast stöðugt um meiri lestrarhraða, þjálfun með flóknari texta og lesskilning bæði í námsefni og yndislestri. Kynna þarf fyrir nemendum ólíkar aðferðir til þjálfunar á lesskilningi og einnig þarf að vinna markvisst með lesskilning á flóknari texta.

Lesfimi og lesskilningur er þjálfaður í öllum námsgreinum. Lögð er áhersla á að allir nemendur lesi daglega og haldi skráningarblað. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist með, hvetji og styrki börn sín til lestrar. Taki nemendur ekki viðunandi framförum býður skólinn upp á lestrarstuðning í samvinnu við nemendur og foreldra.

Matstæki	Lesferill MMS	Orðarún	Stafsetning - Logos
Tími	September, janúar og maí	Október og febrúar	Nóvember og mars
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni.	Lesskilningur.	Réttritun.
Framkvæmd	Íslenskukennari	Umsjónarkennari/íslenskukennari	Umsjónar- og sérkennari
Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarks- viðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ná ekki 12 stigum á fyrra prófi og 10 stigum á seinna prófi fá lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Fái nemandi færri en 8 stig þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska. Umsjónarkennari og foreldrar gera saman áætlun um þjálfun í lesskilningi. Nemendur sem sýna góðan árangur, 17- 20 stig, fá krefjandi verkefni.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.

9. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **140 orð/mín.**

Annað viðmið **180 orð/mín.**

Þriðja viðmið **210 orð/mín.**

Matstæki	Lesferill MMS	GRP - 14h	Stafsetning - Logos	Samræmd könnunarpróf - MMS
Tími	September, janúar og maí	Janúar	Nóvember og mars	Mars
Áherslupættir	Lesfími: - leshraði og nákvæmni.	Lesskimun og stafsetning.	Réttritun.	Lestur, lesskilningur og málnotkun.
Framkvæmd	Íslenskukennari	Skólaþjónusta	Umsjónar- og sérkennari	Menntamálastofnun / Auðarskóli
Viðbrögð ef nemandi víkur frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem eru undir matsviðmiði og ekki hafa þegar fengið lesblindugreiningu er vísað í frekari greiningu hjá sérkennara. Nemandi, foreldrar og kennari fá ráðgjöf sérkennara og gera sameiginlega áætlun um stuðning og lestrarþjálfun.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Kennarar funda um niðurstöður prófa og gera viðbragðsáætlun fyrir nemendur sem þess þurfa.

10. bekkur



Leshraði að vori:

Fyrsta viðmið **145 orð/mín.**

Annað viðmið **180 orð/mín.**

Þriðja viðmið **210 orð/mín.**

Matstæki	Lesferill MMS	Stafsetning - Logos	Logos
Tími	September, janúar og maí	Október og febrúar	Við skólalok
Áherslupættir	Lesfimi: - leshraði og nákvæmni.	Réttritun.	Endurmat þeirra nemenda sem eru með lesblindugreiningu.
Framkvæmd	Íslenskukennari	Íslensku- og sérkennari	Sérkennari
Viðbrögð ef nemandi vikur frá aldursviðmiði	Nemendur sem ná ekki lágmarks-viðmiði fá stuðning í bekk, fámennum hópi eða er boðið námskeið í samstarfi foreldra og sérkennara. Kennari og foreldrar gera áætlun um markvissa lestrarþjálfun. Áhersla á daglegan lestur heima og í skóla. Krefjandi verkefni fyrir nemendur sem ná þriðja viðmiði.	Nemendur sem ekki ná matsviðmiðum fá þjálfun í bekkjarkennslu og áætlun um heimaverkefni.	Nemendur fá vottorð til afhendingar í framhaldsskóla.

Grunnpættir lestrar

Lestur er ekki eðlislægur, meðfæddur eiginleiki, heldur lærð aðgerð. Lestur samanstendur af fjölmörgum grunnþáttum. Færni í hverjum þessara grunnþátta er mikilvægur liður í lestrarfærni hvers barns.



Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til almennrar færni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 90% barna. Undanfarna áratugi hafa verið gerðar rannsóknir víða um heim á börnum á mismunandi aldri og sýna þær að enginn einn þáttur hafi jafn stöðug og sterk tengsl við lestur/orðaþekkingu og hljóðkerfisvitundin. Mikilvægt er að bjóða börnum strax frá unga aldri upp á markvissa þjálfun í formi leikja og verkefna sem örva hljóðkerfis- og málvitund. Þeir sem eiga undir högg að sækja er þar sinnt sérstaklega. Strax í leikskóla hefst þjálfun hljóðkerfisvitundar og heldur áfram í yngstu bekkjum grunnskólans. Fjöldi rannsókna sýnir fram á að markviss þjálfun hljóðkerfisvitundar á leikskólaaldri skilar sér í betri árangri í lestrarnámi fyrir börn í áhætti um lestrarörðugleika.

Umskráning

Umskráning er getan til að tengja bókstafi við hljóð. Seinna að geta tengt bókstafi og hljóð saman til að mynda orð og skilja merkingu þeirra. Allir grunnþættir lestrar byggja á umskráningu. Með skilvirkri umskráningu öðlast nemendur betri lesfimi, lesskilning og orðaforða.



Lesfimi

Lesfimi er sú færni að geta lesið texta hratt, rétt, fyrirhafnarlaust og með réttum áherslum. Lesfimi hefur líka mikil áhrif á lesskilning. Þegar lesfimi er náð er lesið á viðeigandi hraða, greinamerki nýtt, tónhæð og hljómfall verður í takt við hrynræna þætti talmáls.

Lesskilningur

Lesskilningur er flókið ferli sem krefst góðrar umskráningar og lesfimi. Hann þróast frá unga aldri og því er mikilvægt að efla undirstöðupætti hans sem fyrst og vinna markvisst með auðugan orðaforða, setningar og ályktunarhæfni. Orðaforði er undirstaða máls og lesskilnings. Lesskilningur er færni til að tengja upplýsingar úr lesefninu við það sem lesandinn veit fyrir og skapar þannig nýja þekkingu.

Orðaforði

Orðaforði er sá orðafjöldi sem hver einstaklingur skilur og getur notað þegar hlustað, talað, lesið og skrifað er. Orðaforði eflist með óbeinum hætti í gegnum dagleg samskipti og reynslu, hlustun og lestur. Orðaforði er mikilvæg undirstaða læsis. Góður orðaforði er ein meginforsenda málskilnings og lesskilnings. Orðaforði hefur einnig áhrif á leshraða, því eftir því sem einstaklingur þekkir fleiri orð þeim mun hraðar og áreynslulausar les viðkomandi. Orðaforði er talinn sá þáttur sem hefur mest áhrif á lesskilning því lesskilningur byggir á góðum málskilningi og er því einn besti forspárþátturinn fyrir seinni tíma árangur í lestri. Eftir því sem fleiri orð bætast í orðasafnið því færari verða einstaklingar í að læra ný orð ásamt því að öðlast meiri færni í að skilja heiminn og færa reynslu sína í orð. Lestur er ein áhrifaríkasta leiðin til að efla orðaforða og lesskilning en góður orðaforði leiðir til betri lesskilnings. Þegar lestur er kominn vel af stað hjá einstaklingi þá virðist vera að lestur sé að öllum líkindum besta tækið til að auka þekkingu og orðaforða.

Ritun

Ritun snýst um að miðla upplýsingum og er gagnvirkir ferli á móti lestri. Mikilvægt er að kenna lestur og ritun samhliða og byggja upp vaxandi ritunarhæfni alla skólagönguna. Sá sem hefur góð tök á ritun á auðvelt með að miðla efni til annarra og koma hugsunum á blað.

Að lokum

Læsisstefna Auðarskóla er unnin í samvinnu leik- og grunnskóladeildar skólans. Að mótun hennar koma kennarar á öllum skólastigum ásamt stjórnendum og sérkennara. Stefnan er unnin eftir lestrarkennsluaðferðum, skimunum og prófum sem notuð eru við skólann ásamt viðmiðum í lestri Menntamálastofnunar.

Læsisstefnan er lögð fram til næstu tveggja ára og verður endurskoðuð og endurmetin í upphafi skólaársins 2022 til 2023.



Ábyrgð: Hlöðver Ingi Gunnarsson